

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um aukna talmeinaþjónustu í grunnskólum

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að grunnskólar í Reykjavík sjái börnum fyrir áframhaldandi talmeinaþjónustu í grunnskóla sé það faglegt mat að frekari þjónustu sé þörf. Þegar kemur að frávikum í máli og tali eins og öðrum vanda eða röskun sem börn kunna að glíma við skiptir snemmtæk íhlutun miklu máli. Ekki er síður mikilvægt að barn sem glímir við röskun af einhverju tagi þ.m.t. málþroskaröskun eða ef það stamar eða á í erfiðleikum með framburð að það fái fullnægjandi þjónustu eins lengi og þurfa þykir að mati fagaðila. Málþroski snertir við fjölmörgu í lífi barnsins. Góður málþroski er undirstaða bóklegs náms og hefur áhrif á tjáningu og almenn félagsleg samskipti. Það eru grundvallar mannréttindi að geta tjáð sig og skilið aðra. Málþroskaröskun eða önnur talmeiðni sem ekki fá fullnægjandi meðhöndlun geta haft afar neikvæð áhrif á sjálfsmynd barnsins og dregið úr félagslegu öryggi þess. Undanfarin ár hefur orðið aukning á tilvísunum til talmeinafræðinga og til sérfræðiteyma þjónustumiðstöðvanna. Talið er að um 10% barna á hverjum tíma þurfi aðkomu talmeinafræðings vegna vægari eða alvarlegri vanda. Biðlisti til talmeinafræðinga hefur verið vandamál í Reykjavík eins og í aðra þjónustu á vegum borgarinnar. Annar vandi er að þegar barnið kemur í grunnskóla fær það ekki lengur þjónustu talmeinafræðinga á vegum skólans.

Greinargerð:

Í dag eru starfandi talmeinafræðingar á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Einnig eru talmeinafræðingar starfandi á Miðgarði og Heyrnar og talmeinafræðingur er sérstakur samningur á milli Velferðarráðuneytis og sveitarfélaga sem gengur út á að hjálpa börnum sem falla undir ákveðin viðmið hvað varðar málþroska og framburð. Börn sem eru með alvarlegri frávík fá þjónustu eftir eðli vandans hjá talmeinafræðingum sem starfa fyrir Sjúkratryggingar Íslands.

Í ljósi þess að takmörk eru á hversu marga tíma börn í leikskóla geti fengið hjá talmeinafræðingi frá þjónustumiðstöð viðkomandi hverfis, er ákveðinn fjöldi barna sem ekki næst að hjálpa með fullnægjandi hætti á meðan þau eru í leikskólanum. Þessi hópur þarf bæði fleiri tíma í leikskólanum og síðan áframhaldandi meðferð og eftirfylgd talmeinafræðinga þegar komið er í grunnskóla. Þá þurfa kennarar og foreldrar einnig ráðgjöf og stuðning til að koma megi sem best til móts við barnið.

Ef barnið uppfyllir ekki viðmið sjúkratrygginga til þess að fá niðurgreiðslu fyrir þjónustu talmeinafræðings þá þurfa foreldrar eins og staðan er í dag að greiða fullt verð í þeim tilvikum sem barnið þarf frekari þjónustu eftir að komið er í grunnskóla. Til að gæta þess að öll börn fái þá þjónustu sem þau þarfnast og að börn sitji við sama borð án tillits til efnahags foreldra sinna þurfa grunnskólar í Reykjavík að hafa talmeinafræðinga á sínum vegum eða í það minnsta getað kallað þá til eftir þörfum. Börn sem glíma við slakan málþroska glíma einnig stundum við annars konar vanda sem dæmi ADHD eða einhverfu. Þess vegna skiptir þverfagleg nálgun sköpum. Ef vantar aðkomu talmeinafræðinga þá vantar hlut í þá heildstæðu nálgun sem barnið nauðsynlega þarfnast.

Viðmiðin til þess að fá niðurgreiðslu hafa verið þrengd verulega á undanförunum árum þannig að færri börn fá niðurgreiðslu en ella. Þessum grunnskólabörnum er því mismunað eftir því hvort foreldrar þeirra hafa efni á og getu til þess að leita til einkarekinnar stofu með talmeinafræðingum. Þrátt fyrir að nokkrir sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar séu til staðar í Reykjavík er biðlisti víða 400 börn samkvæmt nýlegri könnun FTÍ (Félags talmeinafræðinga á Íslandi) og augljóst að það er ekki þjónustuúrræði sem hægt er að vísa í þegar tími skiptir máli. Það samkomulag sem var gert árið 2014 milli sveitarfélaga og velferðarráðuneytis hefur að mati fjölmargra talmeinafræðinga ekki verið að virka sem skyldi þar sem það þjónar ekki þeim sem þurfa mest á aðstoð að halda. Upphaflega var þetta samkomulag hugsað sem einhvers

konar bráðabirgðasamkomulag og vilja margir meina að sé barn síns tíma. Þeim sem þekkja til þessa málaflokks telja að það þurfi endurskoða þetta samkomulag með það í huga að fella það úr gildi þannig að talmeinafræðingar hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum myndu sinna málum eftir þörfum og aðstæðum hvers og eins, óháð því hvaða málþroskatölu hann hefur, heldur í samræmi við heildstæðan vanda, sem er oft mikill og flókinn í tilfellum skjólstæðinga talmeinafræðinga.

Það er mikilvægt að talmeinafræðingar fái svigrúm til að sinna þjálfun og vinnu með börnum og starfsfólki á gólfinu en sinni ekki einungis greiningum. Greiningar eru vissulega grundvallaratriði til að veita barni skilvirka og markvissa einstaklingsþjónustu. Það þarf þó að setja þak á hversu oft má greina barn án þess að þjálfun sé veitt í kjölfarið. Að greina án íhlutunar er siðferðislega rangt. Ekki ætti að greina barn oftár en 1 sinni á ári án þess að markviss íhlutun hafi farið fram. Veita þarf nægju fjármagni til að hægt sé að vinna eftir greiningum með það að markmiði að barnið fá fullnægjandi aðstoð. Auk þess þarf að vinna með börnin eins lengi og þurfa þykir.

Talmeinafræðingar þurfa einnig að hafa svigrúm til að þjálfar starfsfólk og foreldra, veita handleiðslu og ráðgjöf eftir þörfum og þekkingu hverju sinni til að tryggja góða þjónustu. Talmeinafræðingar eru með mikla sérþekkingu á málþroska og læsi og ýmsum þroskafrávikum sem og margtyngi. Talmeinafræðingar þurfa einnig nauðsynlega að koma að vinnu í fjölmenningslegu umhverfi einkum þar sem sér- og fagþekking er lítil innan skóla en svo er um marga leik- og grunnskóla í Reykjavík.

Verkefnið Okkar mál þar sem málörvun 6 ára barna í Fellaskóla er sinnt hefur gengið mjög vel sem og og talþjálfun í leikskólunum Holti og Ösp. Mælingar á læsi eru að koma betur út hjá börnum úr þessum leikskólum heldur en áður. Gerðar voru mælingar á málþroska við upphaf verkefnisins (haust 2017). Þá hlutu foreldrar, starfsfólk og deildarstjóra mikla og markvissa fræðslu um mikilvægi málþroska. Börnin fengu talþjálfun inni á leikskólum og talmeinafræðingar unnu einnig inni á deildum með starfsfólki. Nú í haust var þessum börnum fylgt eftir og hafa þar hlotið einstaklingsmiðaða talþjálfun þar sem svo ber undir. Það er augljóst af þessu verkefni hversu mikla sérfræðiþekkingu, utanumhald og eftirfylgd þarf til að vel takist til hjá hópi sem er í viðkvæmri stöðu, þ.e. með fleiri en eitt mál, veikt félagslegt bakland og/eða með aðrar raskanir, t.d. málþroskaraskanir.

Ákveðinnar tiltektar er þörf í þessum málaflökki og umfram allt ber Reykjavíkurborg að sjá til þess að ekkert barna sem þarfnast áframhaldandi talmeinaþjónustu falli milli skips og bryggju þegar kemur að því að hefja grunnskólanám. Frekari þjálfun má aldrei verða háð því hvort foreldrar hafi efni á því að veita barni sínu hana.